



Alþýðusamband Íslands

Ályktun 41. þings ASÍ

Efndir ekki nefndir - húsnæðismál

Aðgangur að öruggu húsnæði á viðráðanlegum kjörum eru mannréttindi – ekki forréttindi. Stórir hópar í okkar samfélagi eru utanveltu á húsnæðismarkaði, hafa ekki bolmagn til kaupa á húsnæði, ráða ekki við að greiða markaðsleigu og fá ekki aðgang að félagslegu húsnæði. Þingfulltrúar krefjast því tafarlausra aðgerða í húsnæðismálum.

Nú þegar þarf að koma á húsnæðisbótakerfi í stað vaxta- og hú sleigubóta sem taki mið af fjölskyldustærð og tekjum og tryggi sambærilegan stuðning við leigjendur og kaupendur húsnæðis. 41. þing ASÍ telur að um þetta hafi verið rætt nógu lengi og krefst athafna nú þegar.

Þingið krefst þess að ríki og sveitarfélög skapi nú þegar hagstæðari umgjörð fyrir uppbyggingu almennra húsaleigufélaga sem boðið geta öruggt framtíðarhúsnæði.

Þingfulltrúar krefjast þess að stjórnvöld setji þegar í stað verulegt fjármagn í uppbyggingu á félagslegu leiguhúsnæði sem geri lágtekjufólki kleift að búa við húsnæðisöryggi á viðráðanlegum kjörum.

Koma þarf á nýju húsnæðislánakerfi sem tryggir heimilum hagstæðari fjármögnun íbúðarhúsnæðis og dreifir áhættu við efnahagsáfall með réttlátari hætti milli lántakenda og lánveitenda. Leita þarf leiða til að auðvelda ungu fólki að eignast húsnæði. Þetta má m.a. gera með því að hvetja til sérstaks húsnæðissparnaðar með skattaávilnun.

Verkalýðshreyfingin hefur löngum haft forgöngu um lausnir í húsnæðismálum. Alþýðusamband Íslands hefur þegar lagt fram ítarlegar tillögur í húsnæðismálum og bent á leiðir til úrbóta.

Stjórnvöld bera ábyrgð á því ófremdarástandi sem nú ríkir í húsnæðismálum og ber félags- og húsnæðismálaráðherra ekki bara skylda til að veita málaflokknum forystu og finna lausnir heldur einnig að veita nauðsynlegum fjármunum til málaflokksins. Til þess eru stjórnámálamenn kosnir.

Fulltrúar á 41. þingi Alþýðusambands Íslands krefjast úrbóta nú þegar því margir félagar okkar eru í húsnæðiserfiðleikum og geta ekki beðið lengur. Ekki fleiri nefndarfundi, nú er kominn tími á efndir.